

Hrein útgáfa fyrir sveitarstjórnarfund 2026

Samþykkt um fráveitur í Flóahreppi.

I.KAFLI

Gildissvið og markmið.

1. gr.

Gildissvið.

Samþykkt þessi gildir um fráveitu Flóahrepps eins og hún er skilgreind í 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, og nær til allra fasteigna, íbúðarhúsnæðis, sumarbústaða, stofnana og atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu. Samþykktin nær til allra fráveitna, þar með talið allra mannvirkja sem reist eru til meðhöndlunar eða flutnings á frárennsli, svo sem skólphreinsistöðva, rotþróa með siturlögn, set- og sandskilja, fellitanka og olíu- og fitugildra.

Kröfur um söfnun, hreinsun og losun fráveitu byggja á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun, reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru¹, reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, ásamt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir hefur Heilbrigðisnefnd Suðurlands eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar.

Sveitarstjórn heldur skrá yfir hreinsivirki, svo sem rotþrær, siturlagnir og settanka og færir staðsetningu þeirra í skipulagsgögn sveitarfélagsins.

Skýring: *Nákvæmari vísun til reglugerða en í gildandi samþykkt og nákvæmari hugtök.*

2. gr.

Markmið.

Markmið samþykktar þessarar er að:

- a. skýra skyldur sveitarfélagsins og notenda hvað varðar fráveitumál og fráveituframkvæmdir,
- b. tryggja uppbyggingu og starfrækslu fráveitna þannig að frárennsli valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið,
- c. skýra réttindi og skyldur eigenda og notenda fráveitna og
- d. stuðla að hagkvæmni í uppbyggingu og starfrækslu fráveitna.

Skýring: *Óbreytt grein.*

¹ Númer reglugerðar um seyru gæti breyst, drög að nýrri reglugerð birt í samráðsgátt í desember.

II. Kafla

Um fráveitur og hreinsivirki.

3. gr.

Hlutverk sveitarfélagsins.

Flóahreppur ber ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Flóahreppur starfrækir fráveitu í íbúðabyggðinni að Þingborg.

Sveitarstjóri fer með umsjón, framkvæmdir og rekstur fráveitna sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar og framkvæmda- og veitunefndar.

Sveitarsjóður kostar rekstur fráveitna sveitarfélagsins og framkvæmdir við þær. Sveitarfélagið sér um lagningu og viðhald allra fráveitulagna, þ.e. stofnlagna, safnkerfa og fráveitutenginga. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitu og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs til reksturs og framkvæmda.

Skýring: Lagt til að sleppa heimildarákvæðum í gildandi samþykkt. Það er gert til einföldunar þar sem ekki er líklegt að reyni á slíkar heimildir í náninni framtíð. Aðeins nákvæmara orðalag um stjórnáætlun Flóahrepps og vísað til íbúðabyggðar að Þingborg.

4. gr.

Fráveita Flóahrepps.

Fráveita Flóahrepps veitir frárennsli sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til hreinsivirkis.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum fráveitulögnum.

Sveitarsjóður er eigandi fráveitna sveitarfélagsins að heimæðum húseigna í Flóahreppi. Óheimilt er að leggja fráveitulögn í aðalfráveitu nema með leyfi sveitarstjórnar og er öllum skylt að lúta í einu og öllu fyrir mælum um gerð og legu fráveitna.

Skýring: Óbreytt grein.

5. gr. (ásamt 6.-8. og 12. gr. gildandi samþ.)

Tenging við fráveitu.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir tengingu frá fráveitukerfi að heimæð húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigrein á holræsalögn. Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða frárennsli húsa um hreinsivirki. Kerfisbundin söfnun og sameiginlegt hreinsivirki skal þó vera á svæðum sem falla undir 2. og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Enn fremur skal sveitarstjórn setja ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki inn í deiliskipulag þar sem það á við.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að annast, á sinn kostnað, lagningu og viðhald heimæða fyrir frárennsli að tengingu við fráveitukerfi. Lagnirnar skulu tengjast lögnum fráveitu á þeim stað og með þeirri hæðarsetningu

Hrein útgáfa fyrir sveitarstjórnarfund 2026

sem sveitarfélagið tilgreinir. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á frárennslislögn húseignar að fráveitu sveitarfélagsins skal húseigandi leiða frárennslis frá húseigninni að stöku hreinsivirki, svo sem rotþró með siturlögn eða safnbrunni, þannig staðsettu að hægt sé að veita frárennslis frá hreinsivirkinu í fráveitu sveitarfélagsins.

Hafi fráveita ekki verið komin þegar húseign var byggð skal húseigandi kosta og tengja fráveitu húseignar sinnar við fráveitu sveitarfélagsins eftir að hún hefur verið lögð í samræmi við samþykktu uppdrætti og gildandi byggingarreglugerð.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Flóahreppi er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

Skýring: Markmið að tengja betur saman ákvæði um fráveitu sveitarfélagsins. Bætt inn nýrri setningu í 2. mgr., aukin nákvæmni í orðalagi. Sleppt að vísa í lög og reglugerðir, þar sem það er þegar gert í 1. gr.

6. gr. (9-11. gr. gildandi samþykktar.)

Yfirferð uppráttu og eftirlit byggingarfulltrúa.

Þegar tengja skal heimæð húseigna við fráveitu sveitarfélagsins eða veita frárennslis frá þeim um hreinsivirki, svo sem rotþró með siturlögn, skal sækja um það til byggingarfulltrúa sveitarfélagsins á þar til gerðum eyðublöðum. Hið sama á við um lagningu á nýjum hreinsibúnaði, s.s. rotþró, lífrænni hreinsistöð eða safntanki. Umsókn skal fylgja sérteikning sem sýnir gerð og staðsetningu.

Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra. Sé þörf á er sveitarstjórn heimilt að óska eftir teikningum af fráveitulögnum húsa og lóða og fráveitum frá húseignum sem tengja á fráveitu sveitarfélagsins, ásamt teikningum sem sýna gerð hreinsivirkis, stærð og staðsetningu þess og losun í viðtaka auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða.

Teikningar skulu gerðar í samræmi við almennar reglur um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð, íslenska staðla og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

Byggingareftirlit sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal einnig taka út og viðurkenna fráveitu frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða hreinsivirki, svo sem rotþrær og siturlagnir.

Skýring: 9.-11. gr. gildandi samþykktar sameinaðar í eina grein. Bætt inn vísun til ÍST.

III.KAFLI

Stök hreinsivirki.

7. gr.

Stök hreinsivirki.

Húseigandi kostar niðursetningu og annan frágang staks hreinsivirkis, svo sem rotþróa með siturlögn, og lagna svo og viðhald þeirra en sveitarstjórn getur sett sérstakar reglur um stuðning við framkvæmdirnar. Rotþró með siturlögn og önnur hreinsivirki skulu samþykkt af byggingarfulltrúa. Gerð og hönnunarforsendur rotþróar og annarra stakra hreinsivirkja er háð samþykki heilbrigðisnefndar og skulu vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.

Hreinsibúnaður er eign húseigenda sem kosta niðursetningu og annan frágang svo og viðhald þeirra. Heimil er notkun viðurkenndra gerla og ensíma til að auka virkni hreinsivirkja.

Rotþró skal að jafnaði ekki staðsetja nær húseign en sem nemur fimm metrum. Sama gildir um fjarlægð rotþróar að nærliggjandi lóðarmörkum. Sé þörf á að hafa rotþró nær skal lofta hana með lögnum sem ná upp fyrir mæni húss. Verði rotþró og situr- eða sandsíulögn ekki komið niður innan lóðar viðkomandi húseignar skal leita samþykkis lóðarhafa aðliggjandi lóðar.

Í rotþró skal leiða skólp, baðvatn og þvottavatn úr öllum niðurföllum innanhúss. Ekki skal leiða afrennsli frá ofnum eða afbræðslukerfum né þakvatn og annað yfirborðsvatn í rotþró.

Frárennsli frá rotþró skal leitt um siturlögn. Frárennslistögn frá rotþró skal hafa vatnshelt útloftunarpop.

Skýring: Nokkuð breytt frá gildandi samþykkt, hliðsjón af fyrirmyndum frá öðrum sveitarfélögum.

8. gr.

Tæming rotþróa.

Hreinsun seyru skal að öllu jöfnu framkvæmd þriðja hvert ár við allar stofnanir sveitarfélagsins og við íbúðarhús en á fimm ára fresti við frístundahús. Fulltrúi Umhverfis- og tækni- og vísindisráðs Uppsveita bs. (UTU) hefur yfirumsjón með verkinu og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast verkefnið á hverjum tíma. Sérhverjum húsráðanda er skylt að sjá til þess að aðgengi fyrir hreinsunaraðila sé gott að hreinsivirkjum.

Hreinsivirki skal valinn þannig staður að auðvelt sé að komast að því með tæki til hreinsunar. Rotþró þarf að vera sýnileg og vel merkt. Aðgengi fyrir hreinsibifreið að rotþró þarf að vera tryggt og miðað er að við fjarlægð sé ekki meiri en 30 metrar. Ef fjarlægð fer yfir 50 metra er ekki unnt að hreinsa viðkomandi rotþró. Sé ekki hægt að hreinsa rotþró í reglubundinni yfirferð þar sem aðgengi er ekki tryggt eða rotþró ekki sýnileg og vel merkt, þarf húseigandi að greiða að fullu fyrir aukalosun skv. 6. gr., samkvæmt gjaldskrá UTU.

Upplýsingar um hvenær losun fer fram koma fram á vefnum seyra.is.

Meðhöndlun seyru er háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Farga skal seyru á viðurkenndum móttökustað í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2002 um meðhöndlun úrgangs.

Skýring: Bætt inn vísun til UTU Felld brott úr 3. mgr. orðalagið: og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar.

IV. Kafli

Almennar skyldur húseigenda

9. gr.

Mengunarvarnir og fyrirbyggjandi ráðstafanir.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og stakra hreinsivirkja á sinn kostnað og gæta þess að þær stíflist ekki. Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins blautpurkur, olíur, bensín, lífræn leysiefni, önnur spilliefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins eða skaðað viðtaka.

Eigendum húseigna sem skylt er að hafa fitu- eða olúgildru bera ábyrgð á að slíkum búnaði sé komið fyrir og viðhaldið. Olúgildru skal setja þar sem unnið er með olíur og hætta er á að olía geti borist í niðurföll s.s. á smur- og bifreiðaverkstæðum. Fitugildirur skulu vera á fráveitum rekstraraðila þar sem hætta er á að fita berist í fráveitu s.s. stóreldhús.

Um mengunarvarnir fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settra samkvæmt þeim, svo og starfsleyfisskilyrðum.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um frárennslislagnir frá húsum vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll eða gera sambærilegar ráðstafanir.

Skýring: *Óverulegar orðalagsbreytingar, vísað m.a. til starfsleyfisskilyrða í stað starfsleyfa. Aðeins ítarlegra orðalag í lok greinarinnar.*

V.KAFLI

Gjaldtaka.

10. gr.

Stofn- og tengigjald.

Sveitarfélagið skal innheimta stofngjald fyrir tengingu við fráveitukerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal miðað við gerð, stærð og lengd tenginga. Heimilt er sveitarfélaginu að innheimta með tengigjaldi hlutdeild í stofnkostnaði við aðliggjandi fráveitukerfi, þó ekki kostnaði vegna stofnlagna nema þær gegni jafnframt hlutverki safnkerfa.

Gjaldið og gjalddagi þess skal ákveðið í gjaldskrá samkvæmt 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna sem sveitarstjórn setur og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Óbreytt grein.

Hrein útgáfa fyrir sveitarstjórnarfund 2026

11. gr.

Fráveitugjald.

Af þeim fasteignum í Flóahreppi sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og eru tengd eða munu tengjast fráveitu sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 og samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Þar sem frárennsli er veitt frá atvinnustarfsemi eða vegna annars en venjulegra heimilisnota í fráveitukerfi sveitarfélagsins er heimilt að innheimta gjald vegna losunar miðað við innrennsli vatns samkvæmt mæli. Sé vatn notað til framleiðslu þannig að því sé ekki veitt í fráveitukerfi skal notandi mæla notkun þess. Sú notkun skal dregin frá innmældu magni við útreikning á gjaldi. Verði mælingu ekki við komið skulu aðilar meta vatnsnotkun til frádráttar á innmældu vatnsmagni.

Óbreytt grein.

12. gr.

Innheimta gjalda.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið og gjalddagi þess skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá samkvæmt 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, sem sveitarstjórn setur og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Fráveitugjaldi og tengigjaldi ásamt innheimtukostnaði og vöxtum njóta lögveðsréttar í viðkomandi fasteign sem gildir næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, sbr. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Ef hús brennur eftir að fráveitugjald eða heimæðargjald gjaldfellur er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar.

Óbreytt grein.

13. gr.

Losunargjald.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró, annarra stakra hreinsivirkja og förgun seyru skal húseigandi greiða gjald sem standa skal undir útlögðum kostnaði sveitarfélagsins vegna verksins. Gjald má aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjaldskráin er birt í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði 59. gr. laga nr. 7/1998 um

Hrein útgáfa fyrir sveitarstjórnarfund 2026

hollustuhætti og mengunarvarnir. Hreinsigjald skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarsjóðs.

Skýring: Til umræðu – úrgildandi samþykkt: Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu, svo sem vegna barkalengdar, endurkomu o.s.frv., eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

UTU virðist ekki vera með aukagjald fyrir lengri barka en um aukalosun vegna endurkomu eða af öðrum ástæðum er ákvæði í 8. gr. (ekki víst að þessi mgr. bæti neinu við.)

VII.KAFLI

Málsmeðferð og gildistaka.

14. gr.

Hafi fasteignareigandi kvörtun fram að færa vegna hreinsunar rotþróa og annarra hreinsivirkja skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri við Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn hjá sveitarfélaginu, getur hann leitað til Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Skýring: Sennilega ætti kvörtun frekar að beina til UTU, sem annast tæmingu, heldur en til Flóahrepps.

15. gr.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 56. gr. mannvirkjalaga nr. 16/2010. Um viðurlög fer samkvæmt XIX. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvæðanir samkvæmt þessari samþykkt til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Skýring: Í ljósi óvissu vegna áforma um breytingar á hollustuháttalögum er bætt inn vísun til mannvirkjalaga sem veita byggingarfulltrúa valdheimildir til að bregðast við ef ásigkomulagi, frágangi, umhverfi eða viðhaldi húss, annars mannvirkis eða lóðar ábótavant, af því stafar hætta eða það telst skaðlegt heilsu að mati byggingarfulltrúa. Skal byggingarfulltrúi gera eiganda eða umráðamanni þess aðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt er. Sama gildir ef vanrækt er að láta fara fram úttektir samkvæmt lögum þessum, ef notkun mannvirkis er breytt án samþykkis byggingarfulltrúa eða ef notkun mannvirkis brýtur í bága við skipulag.

16. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og samkvæmt 10. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt frá 16. desember 2020 um fráveitur í Flóahreppi. *Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu,*